



## 4. Fundur æskulýðs- og tómsfundanefndar Miðvikudaginn 24. janúar 2007, kl. 18:15

Fjórði fundur æskulýðs- og tómsfundanefndar Blönduóssbæjar var haldinn á bæjarskrifstofu Blönduóssbæjar, miðvikudaginn 24. janúar 2007 kl. 18:15. Mæting samkvæmt undirskriftum. Formaður nefndarinnar Þorgils Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

1. Forvarnamál
2. Vinabæjamót sumarið 2007
3. Önnur mál

### Afgreiðslur:

#### 1. Forvarnamál

Formaður sagði frá að nokkrir aðilar hafa verið kallaðir saman kl. 19:00 til að ræða við nefndarmenn um forvarnamál. Þeir sem talað var við um að koma voru Kristján Þorbjörnson fyrir hönd lögreglu, Jófríður Jónsdóttir fyrir hönd grunnskólans, Sveinbjörn R Einarsson fyrir kirkjuna, Auður Herdís Sigurðardóttir frá Félagsþjónustu A-Hún, Guðmundur Svavarsson frá Rauðakrossdeild A-Hún, Sigrún Lovísa Sigurðardóttir frá heilsugæslunni og tómsfundarfulltrúi Blönduóssbæjar, Rannveig Rós Bjarnadóttir. Rætt var um tilhögun fundarins, markmið og væntingar til hans. Formaður dreifði efni um forvarnamál úr Rángárþingi og urðu umræður um það.

#### 2. Vinabæjamót sumarið 2007

Ákveðið var að þema á vinarbæjamót ætti að vera: *Útivist og óbyggðir*. Umræður urðu um mögulega dagskrárliði á mótinu.

#### 3. Önnur mál

Fulltrúar frá Grunnskóla, lögreglu, kirkju, félagsþjónustu, sjúkrahúsi, rauðakrossinum og tómsfundarfulltrúi komu á fund nefndarinnar og er þeirra getið í 1. lið hér að framan. Formaður bauð gesti velkomna og umræður hófust um forvarnamál. Sameiginleg niðurstaða fundarins varð sú að stefna skyldi að því að mynda einn forvarnahóp fyrir Austur-Húnavatnssýslu. Fulltrúa Félagsþjónustu A-Hún. og formanni nefndarinnar var falið að vinna áfram að málinu.

Fundi slitið kl. 19:50

Þorgils Magnússon  
Erna Björg Jónmundsdóttir  
Erla Jakobsdóttir  
Rannveig Bjarnadóttir  
Kristín Jóna Sigurðardóttir  
Eva Hrunn Pétursdóttir